

Fundur 23.9.2024 Johann Sebastian Bach.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Já góða kvöldið, komdu sæll eða sæl.*

Er hér fagurt um að litast og gróðurinn dásamlegur eins og áður og hefi ég ætíð notið þess að tala við fólk sem staðsett er á gamla hnettinum mínum.

Og finnst mér mis auðvelt að komast í sambandið, er þar stundum við einhverja byrjunar erfiðleika að stríða.

Hefur það oft verið haft á orði við mig, að við sem höfum starfa í þessu lengi og þekkjum viðbrögð fólks á hnöttum þar sem kenningar þessar eru alþekktar. Verði greiðlegra sambandið hnattanna á milli og því stærri stjörnusambandsstöðvar uppi á fjöllum og hásléttum þar sem auðvelt er um samband, en því minni séu þær þar sem sambandið á milli hnattanna er ekki kunnugt nema fáum.

Og á þeim jörðum sem kallaðar eru frumlífs hnettir.

Hef ég margsinnis komið á ykkar fund í sambandið og hef ég margsinnis talað um menninguna og starfssvið mitt.

En hef ég minna rætt um alla þá hnetti sem ég hef komið á í framlífi og þróun mína og veit ég ekki hvort mér mun takast það til fullnustu hér í kvöld. En vil ég að minnsta kosti reyna að greina frá nokkrum tækni nýjungum á framfara brautinni sem gætu orðið ykkur til hvatningar, ef mér tekst að koma því rétt til skila.

Vil ég að vísu taka það fram að ekki er ég menntaður á því sviði að öðru leiti en sem áhugamaður, en sumt af því eru atriði sem mér lærðist að skilja og meta á öðrum framlífs hnöttum mínum og eru mér vel kunn atriði en ekki ný þekkingar atriði.

Minnist ég þess, þegar ég komst á framfara leiðina fyrst. Og það kalla ég framfara leiðina þegar ég gerði mér að fullu ljóst grundvallar atriði Nýals kenningarinnar.

Og var það að vísu á þeim tíma þegar dr. Helgi Pjeturss hafði ekki komið fram á jörðinni og þekkti ég það ekki með því nafni.

En voru það heiðnar kenningar og fornar um lífsambandið og endurlífgun, endurlíkömnun á öðrum hnetti sem Giordano Bruno setti fram á jörðinni á sínum tíma.

Og ýmsir heimsspekingar íuðu að, en höfðu öðlast nútímalega mynd í meðförum vísindamanna þess hnattar.

Og var það á þriðja framlífs hnetti mínum. Fór ég þá að spyrja mig þeirrar algengu spurningar sem margir spurja sig. Hvar gamla jörðin er staðsett í þessum mikla fjölda hnatta.

Og verð ég að segja að, þið fyrirgefið, hér er þekkingar atriði sem ekki er komið fram á ykkar jörð og á ég erfitt með að koma því í gegn í sambandinu.

En vísindamenn ykkar jarðar eiga eftir að uppgötva margskonar vísindi í þessu sambandi og kortlagningu hnattanna, hvar þeir eru, og margir takmarkaðir alheimar.

Hægt er að ferðast á milli og það eru meira en hundrað ár síðan ég dó af gömlu jörðinni og sumt af þessu hef ég lært á hærri framlífs foldum.

Og er mér nýtt, en hægt er að ferðast á milli og gerum við okkur vonir um það að gestir frá okkur komist til ykkar jarðar áður en of langt um líður.

En mun það vera rétt í kenningum dr. Helga Pjeturss, að mannkynið þarf að vera tilbúið og hamfara flutningar taki á móti framandi gestum.

Og er það mjög mikilvægt að fundir eins og sá sem þið erum viðstödd hér í kvöld, verði almennari um hnöttinn og munu þá slík ferðalög verða möguleg.

Ætla ég nú að reyna að segja til nafns og hef ég, þýskur maður, hef ég talað við ykkur áður og finnst mér æfinlega gott að finna orkuna og koma boðskap til skila.

Hef ég í list minni reynt að stuðla að aukinni samhæfingu manneskjanna og reynt að finna í list minni samræmi og samstillingu og taka á móti áhrifum frá æðri lífsstöðvum.

Og hef ég fundið það að tónlistin hefur lækningarmátt og hefur mér tekist mis vel upp, en hefði ég gaman að segja frá því á fundum ykkar hvernig ég hef á mörgum framlífs hnöttum mínum horft á framfarir og náttúrfarir og hvernig ýmis helstefnu áhrif hafa verið sigruð.

Vil ég nú ekki hafa þetta mikið lengra að sinni, en ætla ég að reyna að segja nafn mitt og vonast til að komast síðar.

Tónskáld, Johann Sebastian Bach.

*Já vertu velkominn, ég vil þakka þér fyrir alla þína góðu músík.*

Þakka þér fyrir og vona að þú verðir fyrir góðum áhrifum frá henni áfram.

Og verið þið nú sæl og kveð ég ykkur.

*Vertu blessaður og sæll og þakka þér fyrir.*